

Nd. **8. Frumvarp til laga** **[8. mál]**
um virkjun Lagarfoss.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði til raforkuvinnslu í allt að 8000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grimsárvirkjunar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 180 milljónum króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58, 29. apríl 1967.

5. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi 9. töluliður 1. gr. laga nr. 65, 8. maí 1956 um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. apríl 1969 endurskipaði þáverandi ráðherra orkumála, Ingólfur Jónsson, raforkumálanefnd Norður- og Austurlands, er starfað hafði á árunum 1966—1967 að athugunum á raforkumálum í þessum landshlutum.

Nefndin skilaði álitum í desembermánuði 1969.

Er þar fjallað ítarlega um raforkumál Austurlands og bornir saman aðallega tveir valkostir, virkjun í Lagarfossi og samtenging við Laxárvirkjun. Niðurstaðan var sú, að kostnaður reyndist nálega hinn sami, hvor leið sem valin væri.

Rafmagnsveitum ríkisins var síðan falið að kanna þessi mál nánar, og hinn 20. ágúst s.l. skrifuðu rafmagnsveiturnar iðnaðarráðuneytinu bréf það, sem hér fer á eftir:

Rafmagnsveitur ríkisins hafa að undanfögnu unnið að framhaldsathugunum á fjárhagslegri hagkvæmni Lagarfossvirkjunar á grundvelli nýendurskoðaðra kostnaðaráætlana um virkjun í áföngum. Var greinargerð um útreikningana send ráðuneytinu með bréfi dags. 18. þ. m., en niðurstöður þeirra eru, að svo sem nú horfir um orkunotkun á Austurlandi, geti Lagarfossvirkjun orðið hagkvæm og væntanlega tímabær til innsetningar árið 1973, eða jafnvel í árslok 1972, og það því fremur, sem veruleg aukning náist á orkusölu til hitunar. Framhaldsstig virkjunarinnar gefa góða möguleika til áframhaldandi aukningar hitaorkusölu. Aukin rafhitun mun að vísu kalla á verulega styrkingu kerfisins með tímanum, en það mun ekki raska hagkvæmni um fyrirsjáanlegan tíma, þótt það muni kalla á aukið fjármagn til framkvæmda næstu árin.

Sömu útreikningar sýna þó heldur meiri hagkvæmni línu frá Laxá næstu árin. Rafmagnsveitur ríkisins hafa leitast við að kanna möguleika á tryggri og hagkvæmri orkuöflun til langs tíma eftir þeirri leið. Hins vegar hafa niðurstöður hingað til verið neikvæðar, enda ríkir mikil óvissa um endanlega stærð og áfangaskiptingu Laxárvirkjunar.

Að vandlega athuguðum ofangreindum gögnum og aðstæðum telur stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og rafmagnsveitustjóri, að nauðsynlegt sé að taka bráðlega ákvörðun um meginstefnuna í orkuöflun fyrir Austurland. Er því hér með lagt til:

1. Að aflað verði lagaheimildar fyrir fullri stærð Lagarfossvirkjunar.
2. Að undirbúningi 1. stigs virkjunarinnar verði haldið áfram af fullum krafti.
3. Stefnt verði að útboði og framkvæmd í tæka tíð fyrir hagkvæman innsetningartíma.

Þá er hér með bent á, að eðlilegast og hagfelldast eignar- og rekstrarform virkjunarinnar hlýtur að vera það, að það falli inn í kerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi, sem hafa með höndum svo til alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á Austurlandi. Hingað til hefur halli á þeim rekstri verið mjög mikill, en vonast er til, að úr hallanum geti dregið verulega, eftir að frekari vexti orkunotkunar verður mætt með aukinni vinnslu vatnsorku.

Að tekinni þeirri grundvallarákvörðun, sem hér um ræðir, myndu Rafmagnsveitur ríkisins stefna að sem hagfelldastru uppbyggingu orkumarkaðar á Austurlandi með hliðsjón af væntanlegum innsetningartíma virkjunar og með tilliti til hagsmuna orkunotenda, eftir því sem unnt er. Jafnframt yrði unnið að áætlun um nauðsynlega styrkingu kerfisins á byrjunarstigi.

Fyrirvari er gerður um það, að jákvæðar undirtektir, er bærust alveg á næstunni frá Laxárvirkjun, þyrfti að sjálfsgöðu að taka til athugunar. Þá hafa niðurstöður athugana Rafmagnsveitna ríkisins verið sendar Orkustofnun, og mun umsagnar að vænta, en hún liggur enn ekki fyrir. Loks skal þess getið, að einn stjórnarmanna, Jóhann Indriðason, er erlendis, þegar þessi ályktun er gerð.

Að endingu vilja Rafmagnsveitur ríkisins ítreka, að ákvörðun um virkjun í Lagarfljóti verður að taka mjög bráðlega, þar sem mikil aukning orkunotkunar á Austurlandi hefur átt sér stað á þessu ári og horfur eru á eðlilegri aukningu framvegis.

Sá tími, sem er til ráðstöfunar til undirbúnings framkvæmda er því mun styttri en horfur voru á til skamms tíma.

Í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins:

Bjarni B. Jónsson. · Valgarð Thoroddsen,
Kjartan Jóhannsson. rafmagnsveitustjóri.

Eins og fram kemur í bréfi þessu verður að telja virkjun Lagarfoss hagkvæma. Til þess að unnt sé að hefjast handa um virkjunarframkvæmdir við Lagarfoss, er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.